

18/2017

Fyrri skjalsnúmer A 1688/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Fylgiskjal Nefndarálit um þingmannatillögu um innflutning flóttafólks og stefnu í vinnumarkaðsmálum (A 1688/tillväxt)

Innflutningur flóttafólks og stefna í vinnumarkaðsmálum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2017 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hefji skipti á upplýsingum um hvernig Norðurlöndin taki á málefnum flóttamanna og innflytjenda á vinnumarkaði og að þessar viðræður miði að gerð tillögu um viðeigandi umbætur og stefnumörkun sem beita megi í mörgum landanna. Sér í lagi gæti verið áhugavert að skoða hvaða markvissar aðgerðir og tæki í löndunum hafa skilað mælanlegri jákvæðri niðurstöðu;

að hún íhugi hvort tilefni sé til að þróa sérsniðið regluverk eða lausnir fyrir ákveðna hópa atvinnuleitenda án þess að taka neinn einn hóp fram yfir annan;

að hún íhugi að veita fé í norrænar rannsóknir og greiningarvinnu um innkomu flóttamanna og innflytjenda á norrænan vinnumarkað til skemmri og lengri tíma litið.

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs